

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2022
UST202211-010/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Strandavegur um Veiðileysuháls í Árnesharppi. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1.nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar felist í lagningu nýs vegar um Veiðileysuháls. Ef hægt á að vera að leggja þarna veg sem uppfyllir nánast algerlega nútíma kröfur verður að ráðast í gríðarmikla framkvæmd þar sem taka verður miklar skeringar til að ná veginum í ásætlanlegan halla með miklum fyllingum. Óljóst er hvaða ávinningur felst í því að fara með veginn í þessa hæð og bratta. Ef það er vegna styttingar þá er sú stytting dýru verði keypt. Umhverfisstofnun telur að skoða eigi betur veglínu 602 sem liggur lægra í landi og unnt á að vera að leggja þarna veg með mun minni aðgerðum en þeim sem fylgja vegagerð um Veiðileysuháls.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar eru einmitt vegna mjög mikilla skeringa og fyllinga sem að mati Umhverfisstofnunar gætu svo auðveldlega orðið lýti í landinu þar sem erfitt er að aðlaga svo miklar skeringar að landi.

Að vísu er veglína 602 lengri en valkostur Vegagerðarinnar. Þar þyrfti þó ekki að vera jafn mikið inngrip í landslagið og vegur ofar á hálsinum.

Umhverfisstofnun telur að stundum sé freistast til að leggja nýja vegi í eða sem næst vegstæði eldri vega. Sú virðist raunin hér. Umhverfisstofnun telur að svo umfangsmiklar framkvæmdir á þessu svæði séu í ósamræmi við önnur mannvirki og byggð á þessu svæði. Það hlýtur að vera unnt að leggja þarna veg sem er greiðfær, öruggur og auðvelt að þjónusta á veturnum í stað þess að ráðast í aðgerðir af því tagi sem hér eru fyrirhugaðar.

Helstu neikvæðu áhrif umræddrar framkvæmdar felast einmitt í því að draga veginn upp á Veidileysuháls og síðan leggja hann eftir fjörum í Reykjafirði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur